

**269. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar
haldinn Ólafsvegi 4, Ólafsfirði
miðvikudaginn 2. júní 2021 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Hjördís Hanna Hjörleifsdóttir, varaformaður, D lista,
Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir, aðalmaður, D lista,
Helgi Jóhannsson, aðalmaður, H lista,
Nanna Árnadóttir, formaður I lista,
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar,
Íris Stefánsdóttir, Skipulags- og tæknifulltrúi,
Elías Pétursson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Íris Stefánsdóttir, skipulags- og tæknifulltrúi.

Fyrir var tekið:

1. Endurskoðun Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028 - 1408028

Lagt fram að nýju Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032 eftir auglýsingu frá 16. apríl - 28. maí sl. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum á kynningartímanum: Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Rarik, Dalvíkurbyggð, Samgöngustofu, Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Umsagnir og ábendingar bárust eftir auglýstan tíma frá Hafnarstjórn Fjallabyggðar og Veðurstofu Íslands. Skipulagsfulltrúi fór yfir samantekt athugasemda sem bárust og hvernig brugðist er við þeim í greinargerð skipulagsins. Einnig var lögð fram og rædd tillaga hafnarstjórnar um útvíkkun landnotkunarflokks hafnarsvæða í þéttbýlunum Fjallabyggðar.

Niðurstaða

Nefndin samþykkir framlagðar breytingar á aðalskipulagstillögunni skv. samantekt um breytingar eftir auglýsingu sem er í heftinu Skipulagsákvæði og landnotkun undir kafla 7.3. Nefndin hafnar tillögu hafnarstjórnar um útvíkkun hafnarsvæðis en leggur til að við gerð deiliskipulags sem liggur að hafnarsvæðum verði haft samráð við hafnarstjórn og að hún hafi umsagnarrétt við gerð deiliskipulags á þeim svæðum.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032 verði samþykkt og afgreitt í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Breyting á deiliskipulagi vegna framkvæmda við Skarðsveg - 2101059

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal. Tillagan sem var auglýst frá 16. apríl - 28. maí felur í sér að staðsetja námu í Skarðsdal vegna vinnu við nýjan veg og bílastæði. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Minjastofnun.

Niðurstaða

Minjastofnun bendir á að minjavörður þarf að kanna svæðið á vettvangi áður en

framkvæmdir hefjast. Ekki reyndist mögulegt að taka svæðið út vegna snjóá á kynningartímanum. Því gerir stofnunin þá kröfu að sett verði inn þau skilyrði í greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar að vettvangskönnun þurfi að fara fram áður en framkvæmdir hefjast, búið er að setja það inn á uppdráttinn.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði afgreidd í samræmi við 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Deiliskipulagsbreyting vegna dælubrunns við Tjarnargötu 16 - 2105059

Undir þessum lið vék Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir af fundi.

Lögð fram drög að deiliskipulagsbreytingu Hafnarsvæðis á Siglufirði. Breytingartillagan, sem telst óveruleg, nær til Tjarnargötu 16 og utan um nýjan byggingarreit dælubrunns við suðausturhorn lóðarinnar. Ástæða breytingarinnar er færsla dælubrunns sem nær að hluta inn á lóð Tjarnargötu 16 og koma þannig til móts við dóm sem féll 7. apríl sl.

Niðurstaða

Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að tillagan verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum í samræmi við 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Umsókn um byggingarleyfi - fjölgun fasteigna í Aðalgötu 34 Siglufirði - 2105017

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi dagsett 5.5.2021 þar sem Konráð Baldvinsson sækir um leyfi fyrir hönd Selvíkur ehf., fyrir fjölgun fasteignanúmera úr tveimur í sjö skv. meðfylgjandi skráningartöflu og teikningum.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

5. Umsókn um byggingarleyfi - Suðurgata 76 Siglufirði - 2105055

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi þar sem Björgvin Karl Gunnarsson sækir um leyfi fyrir niðurrifi og byggingu nýs stiga og steypu plani í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

6. Umsókn um byggingarleyfi - niðurrif bensín- og gasolíugeyma við Ránargötu 4, Siglufirði - 2105042

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi dagsett 12.05.2021 þar sem Ari Elísson sækir um leyfi fyrir hönd Ólíudreifingar á niðurrifi tveggja eldsneytisgeyma á lóðinni Ránargötu 4 í tengslum við gildandi byggingarleyfi nr. 1508013. Frágangur og framkvæmd verður í samræmi við fyrirliggjandi leyfi.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

7. Umsókn um byggingarleyfi - Fiskmarkaðurinn Siglufirði - 2105082

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi dagsett 31.5.2021 þar sem L-7 ehf. sækir um leyfi fyrir hönd Fiskmarkaðarins fyrir klæðningu á húsið með standandi báruáli, endurnýjun glugga og uppsetningu nýrrar ráphurðar á vesturhlíð hússins.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

8. Umsókn um byggingarleyfi - Hafnartún 6 - 2105084

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi dagsett 31.5.2021 þar sem eigendur Hafnartúns 6 sækja um leyfi fyrir byggingu bíslags í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

9. Skógarstígur 10 - 2010039

Lagt fram erindi dagsett 11.5.2021 þar sem Haukur Guðmundsson sækir um frest til að skila inn teikningum fyrir Skógarstíg 10. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2022.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

10. Staðfesting landamerkja frístundalóðar úr landi Ósbrekku - 2105049

Lagt fram erindi Ásdísar Gunnlaugsdóttur og Bryngeirs Kristinssonar þar sem óskað er eftir staðfestingu sveitarfélagsins á landamerkjum frístundalóðar úr landi Ósbrekku skv. hnitsettum uppdrætti, einnig að lóðin sem í dag er skráð á þrjú landnúmer verði sameinuð í eitt landnúmer undir nafninu Ósbrekka 2.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

11. Lausar lóðir í Fjallabyggð - 2105080

Lögð fram svohljóðandi tillaga Helga Jóhannssonar:

1. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við bæjarstjórn að einbýlishúsalóðir við Bakkabyggð í Ólafsfirði, austan við nr. 5 og 8 verði að nýju lausar til úthlutunar.

2. Komið verði upp betra korti á vef Fjallabyggðar yfir lausar lóðir í sveitarfélaginu þannig að með auðveldum hætti sé hægt að sjá hvar lausar lóðir eru staðsettar.

3. Einnig er lagt til við bæjarstjórn að við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2022 verði gert ráð fyrir að klára Bakkabyggð austur að Mararbyggð með malbikun, í stað þess að skilja helming eftir eins og nú er lagt upp með.

Það er alls ekki boðlegt að bjóða íbúum í nágrenni við Bakkabyggð upp á ókláraða götu með tilheyrandi foki á jarðvegi yfir nágrennið. Svo eigum við að

sína metnað í að svæðið líti vel út svo þeir sem eru að spá í lausar lóðir fái betri mynd af því þegar götur og gangstéttar eru fullbúnar.

Niðurstaða

Nefndin beinir því til bæjarstjórnar að einbýlishúsalóðir austan við Bakkabyggð nr. 5 og 8 verði auglýstar til úthlutunar. Hvað varðar annan lið tillögunnar þá er það mál í vinnslu hjá tæknideild. Að síðustu leggur nefndin til við bæjarstjórn að við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2022 verði gert ráð fyrir að malbika Bakkabyggð.

12. Umsókn um lóð - Eyrarflöt 30-38 Siglufirði - 2106004

Lögð fram umsókn dagsett 1.6.2021 þar sem Sölvi Sölvason og Finnur Ingi Sölvason sækja um raðhúsalóð nr. 30-38 við Eyrarflöt, Siglufirði.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

13. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - Hvanneyrarbraut 58 - 2106009

Lögð fram umsókn Hilmars Þórs Hreiðarssonar f.h. húsfélagsins á Hvanneyrarbraut 58 þar sem óskað er eftir endurnýjun á útrunnum lóðarleigusamning svo hægt sé að þinglýsa afsali vegna sölu íbúðar í húsinu.

Niðurstaða

Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki húsfélagsins við Hvanneyrarbraut 60.

14. Umhverfisverkefni 2021 - 2102016

Lagðar fram tillögur skipulags- og umhverfisnefndar að umhverfisverkefnum og kostnaðaráætlun verkefna.

Niðurstaða

Nefndin samþykkir að farið verði í eftirtalin verkefni sumarið 2021:

Stigi settur upp á grjóttgarð við Hvanneyrarkrók á Siglufirði. Endurnýja gönguleið og dvalarstað meðfram tjörninni í Ólafsfirði. Setja niður tvö útiæfingatæki, eitt í hvort þéttbýli.

15. Landgræðsluáætlun 2021-2031 og umhverfismat áætlunarinnar. - 2105021

Lagt fram til kynningar erindi Áskels Þórissonar f.h. Landgræðslunnar þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031.

Niðurstaða

Nefndin hvetur íbúa til að kynna sér málið og skila inn umsögn.

16. Umsókn um stöðuleyfi - 2105014

Undir þessum lið vék Hjördís H. Hjörleifsdóttir af fundi.

Lögð fram umsókn Múlatinds ehf. um stöðuleyfi gáms sem staðsettur yrði

bakvið hús Múlatinds við Múlaveg 13.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

17. Bonn-áskorun um útbreiðslu skóga. - 2105031

Lagt fram erindi Skógræktarinnar, dags. 10.05.2021 þar sem fram kemur að Skógræktin og Landgræðslan leita til sveitarfélaga til að taka þátt í Bonn - áskorun um útbreiðslu skóga sem er alþjóðlegt átak um útbreiðslu eða endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslagsheildum. Stjórnvöld hafa sett Íslandi það markmið innan Bonn-áskorunarinnar að auka verulega þekju birkiskóga og birkikjarrs en hún er nú 1,5% af flatarmáli landsins. Með verkefnum til útbreiðslu birkiskóga og birkikjarrs vilja íslensk stjórnvöld taka þessari áskorun og þar með auka landgæði, efla jarðvegsauðlindina og styrkja byggð í landinu. Fjármunir renna til slíkra verkefna á komandi árum af framlögum ríkisins til loftslagsaðgerða. Landgræðslan og Skógræktin óska nú eftir þátttöku sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila vítt og breitt um landið.

Niðurstaða

Nefndin hvetur skógræktarfélög í Fjallabyggð að kynna sér málið.

18. Vatnsleki í Héðinsfjarðargöngum - 2105079

Lagt fram erindi Helga Jóhannssonar vegna vatnsleka í Héðinsfjarðargöngum.

Niðurstaða

Nefndin tekur undir erindi Helga og felur bæjarstjóra að senda Vegagerðinni erindi vegna málsins.

19. Hliðrun byggingarreits-Skógarstígur 2 Siglufirði - 1905037

Lagður fram til kynningar úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru ákvörðunar bæjarstjórnar Fjallabyggðar frá 15. janúar 2021 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi við Skógarstíg 2 á Saurbæjarási.

20. Breyting á jarðalögum 2021. - 2105083

Lagt fram til kynningar umburðarbréf vegna breytinga á jarðalögum 2021.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.

Hjördís Hanna Hjörleifsdóttir

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

Helgi Jóhannsson

Nanna Árnadóttir

Ármann Viðar Sigurðsson

Íris Stefánsdóttir

Elías Pétursson